

Akureyrarbær
b/t Margrét M. Róbertsdóttir
Geislagötu 9
600 Akureyri

Reykjavík, 25. september 2019
UST201908-124/A.B.
10.04.02

Efni: Breyting - Aðalskipulag Akureyrar 2018-2030 – Krossaneshagi

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Akureyrarbæjar er barst 16. ágúst sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar á breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 2018 – 2030 fyrir Krossaneshaga.

Í greinargerð kemur fram að breytingin felur í sér að hluti núverandi athafnasvæðis, merkt AT5 sem liggur sunnan Óðinsness og vestan Krossanesbrautar, breytist í iðnaðarsvæði.

Iðnaðarsvæði

Í greinargerð kemur fram að skortur er á iðnaðarlóðum á Akureyri og með því að skilgreina svæðið sem iðnaðarsvæði fyrir þyngri iðnað er mögulegt að koma á mótis við eftirspurn eftir slíkum lóðum.

Samkvæmt skipulagsreglugerð nr. 90/2013 er iðnaðarsvæði m.a. skilgreint sem svæði fyrir umfangsmikla iðnaðarstarfsemi eða starfsemi sem er talin geta haft mengun í för með sér, svo sem verksmiðjur, endurvinnslustöðvar, brennslustöðvar, förgunarstöðvar, sorpurðunarsvæði, flokkunarmiðstöðvar og birgðastöðvar fyrir mengandi efni.

Í greinargerð kemur fram að atvinnustarfsemin á svæðinu er ávallt háð lögum og reglugerðum um mengunarvarnir. Vegna nálægðar við íbúðarbyggð og náttúru telur Umhverfisstofnun mikilvægt að lagt verði mat á áhrif breytingarinnar á hljóðvist og loftgæði sbr. reglugerð nr. 724/2008 um hávaða og reglugerð nr. 787/1999 um loftgæði.

Umhverfisáhrif

Í kafla um umhverfisáhrif kemur fram að talið er að breytingin hafi óveruleg umhverfisáhrif en þó er nokkur óvissa þar sem ekki er ljóst hvaða starfsemi kemur á svæðið.


Umhverfisstofnun telur breytingartillöguna vera óljósa að því leyti að ekki er ljóst hvaða starfsemi kemur á svæðið.

Umhverfisstofnun telur að möguleiki sé á að á svæðið komi starfsemi sem kunni að hafa neikvæð áhrif á hljóðvist, loftgæði o.fl. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að sett séu fram skilyrði um hverskonar starfsemi verði heimil á svæðinu þannig að unnt verði að uppfylla kröfur um hljóðvist, loftgæði og aðrar mengunarvarnir.

Krossanesborgir


Fyrirhugað iðnaðarsvæði liggur að Krossanesborgum en Krossanesborgir voru friðlýstar sem fólkvangur árið 2005. Markmiðið með friðlýsingunni er að vernda svæðið til útivistar almennings, náttúruskoðunar og fræðslu. Með friðlýsingunni er auk þess verndaður mikilvægur varpstaður fjölda fuglategunda, búsvæði sjaldgæfra plöntutegunda og þannig stuðlað að varðveislu líffræðilegrar fjölbreytni og vernd sérstæðra jarðmyndana.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að sett séu skilyrði um þá starfsemi sem fyrirhuguð er til að draga úr hættu á neikvæðum áhrifum á fólkvanginn. Skv. 54. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir að *„Ef starfsemi eða framkvæmdir utan friðlýsta svæðis, sem leyfisskyldar eru samkvæmt öðrum lögum, geta haft áhrif á verndargildi friðlýsta svæðisins skal taka mið af því við ákvörðun um veitingu leyfis. Leita skal umsagnar Umhverfisstofnunar áður en leyfi er veitt. Setja má skilyrði til að koma í veg fyrir skaða af starfseminni eða framkvæmdunum á hinu friðlýsta svæði.*



Axel Benediktsson
sérfræðingur

Virðingafyllst



Sigrún Agústsdóttir
sviðsstjóri